

Sp. 352. Tillaga til þingsályktunar

um takmörkun á gjaldeyri til áfengis- og tóbakskaupa.

Flm.: Pétur Ottesen, Gunnar Thoroddsen, Guðrún Lárusdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að draga í verulegum mæli úr innkaupum áfengis og tóbaks, svo að eigi þurfi vegna gjaldeyriseyðslu í því skyni að hefta innflutning á ýmsum lifsnauðsynjum landsmanna.

Greinargerð.

Það mun láta nærri, að í einkasölum ríkisins hafi verið selt áfengi og tóbak fyrir um 7 milljónir króna árið sem leið, enda ekki takmarkaður gjaldeyrir til innkaupa á þessum vörum, þó orðið hafi að draga mjög úr innflutningi ýmsra lifsnauðsynja sökum vöntunar á gjaldeyri.

Þá þarf ekki að lýsa því, hversu slík gegndarlaus áfengis- og tóbaksnautn, sem þessar tölur bera vott um, bitnar hatrammlega á andlegri og líkamlegri heilbrigði þjóðarinnar og öllum hennar velfarnaði, svo að frá því sjónarmiði væri það enginn smáræðisávinningur, að dregið yrði úr innflutningi þessara háskalegu nautnavara.